

Stríðs - Schengen er í burðarliðnum. Fjórða ríkið

Stríð Nató gegn Rússum hefur tapast á vígvellinum og ekki verður Nató kápan úr því klæðinu að færa enn út kvíar með Úkraínu. En hins vegar hefur sú ráðagerð Bandaríkjanna að draga efnahagslegar vígtennur úr Evrópuþjóðum gengið eftir. Iðnaðurinn á í vök að verjast eins og ríkissjóðir þeirra. Og enn er ekki bitið úr nálinni, hvað varðar áhrif sprengingar gasleiðslunnar í Eystrasalti.

Kostnaðurinn við þetta ógæfuleg stríð er skelfilegur. Hundruð þúsunda karla á besta aldri hafa fallið í valinn og skilja eftir sig ekkjur og föðurlaus börn.

En sumir fitna eins og púkar á fjósbita. Hertólaauðjöfrarnir hafa matað krókinn eins og lyfjarisarnir í veirustríðinu.

Það tókst sum sé ekki að koma Rússum á hné. Þeir hafa reyndar sjaldan spjarað sig betur og munu leggja undir sig Úkraínu – líklega áður en árið er liðið í aldanna skaut. Þá munu rússneskir hermenn birtast við landamæri Finnlands, Eystrasalsríkjanna og Rúmeníu.

Vopnaframleiðendur hafa því endurvakið gömlu Rússagrýluna á vettvangi stjórn mála og fjölmiðla. Hershöfðingjar Svíþjóðar og annarra Evrópuþjóða búa nú þegna sína undir stríð við Rússa eins og í kalda stríðinu fyrra. Nú er um að gera að hreiðra um sig í herbyrgi með Ora fiskibollur í dós (og bíða eftir, að gæðin komi í ljós – og Rússarnir auðvitað), kindabyssu og kuta.

Bandaríkin fjölga herstöðvum í Evrópu eins og í Asíu og Afríku – eða fá yfirlýstan aðgang að þeim. Þeir ásælast Norðurlöndin sérstaklega. Ísland eiga þeir nú þegar. Rússar styrkja viðveru sína við finnsk-rússnesku landamærin. Eystrasaltsþjóðirnar hafa dregið upp sérstaka víglínu – eins og það skipti rússneskar eldflaugar nokkru máli.

Þjóðverjar sjá sér leik á borði sem hernaðarleg undirtylla Bandaríkjamanna. Þeir ætla sér að vígbúast og eyða skattfé, sem nemur um tveim af hundraði þjóðartekna til hermála. Bandaríkin, sem eyða margfalt meira fé en nokkur önnur þjóð á heimskringlunni til vígbúnaðar, hefur lagt hart að hinum Natóríkjunum að verja fé sínu með þessum hætti, enda er frelsi, lýðræði og mannréttindi í húfi.

Þjóðverjar eru sem sé aftur komnir í stríðsham, sbr. yfirlýsingar forsætisráðherra þeirra, Olaf Scholz. Hann talar um „Zeitenwende“ (tímahvörf). Hershöfðingjar þeirra

eru farnir að tala eins og Brjálaði-Bensi í Ísrael. Einn þeirra lætur sig dreyma um „Hernaðar-Schengen,“ meðan Brjálaða-Bensa dreymir vota drauma um Stór-Ísrael.

Hin herskía örþjóð í Atlantshafi er sjálfkrafa þátttakandi í fyrrnefndu bandalagi. Hver veit nema Bjarni Ben sendi Víkingasveitina til Lithaugalands (Litháen)? Þar mun hún finna fyrir þýska hermenn og þýska skriðdrekaherdeild. Olaf ætlast til, að hún stöðvi rússneska herinn á leið til Þýskalands.

En það eru ekki allir jafn hrifnir. Pólverjar vilja síður tapa í kapphlaupinu um hylli Bandaríkjamanna. Aðstoðarforsætisráðherra Pólverja, Jaroslaw Kaczynski eða „grái kardínálinn,“ hefur stýggst við þessar áætlanir Þjóðverja og snuggar sig. Hann veltir fyrir sér, hvort „Fjórða ríkið“ sé komið á koppinn í sögu Þjóðverja.

Smáþjóðir eins og Ungverjar gefa líka frá sér hljóð og gjalda varhug við styrkingu tvíeykisins, þ.e. Þýskalands og Frakklands. Fari svo, að samþykkt verði að gefa neitunarvaldinu í Evrópusambandinu (ráðherranefndinni) líf, bíður tvíeykisins beinn og breiður vegur til áhrifa.

Það fer líklega óhugur um Rússa við þá tilhugsun, að þýskir skriðdrekar geysist um sléttur Rússlands einu sinni enn.

En, en! Eins dauði er annars brauð. Hernaðaruppbygging í Evrópu á kostnað skattgreiðenda mun færa gull í greipar bandarískra vopnaframleiðenda, sem eru loðnir um lófana fyrir.

Og það má engan tíma missa. Nú skulu allir sótraftar á sjó dregnir og haldin voðaleg stríðsæfing Nató til að bjóða Rússana velkomna „pá behörig vis.“

<https://korybko.substack.com/p/olaf-scholzs-manifesto-for-foreign>

<https://www.globalpolitics.se/kommitten-for-bedrageri-del-i-hur-cia-och-us-navy-lurade-svenskarna-pa-1980-talet/>

https://korybko.substack.com/p/germany-is-rebuilding-fortress-europe?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=140828401&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

[Poland's Grey Cardinal Is Correct: Germany Is Indeed Building a Fourth Reich | Astute News](#)

[Poland's Kaczynski slams Germany's dominance in Europe - Mehr News Agency](#)

[Olaf Scholz: The Global Zeitenwende | Foreign Affairs](#)

<https://consortiumnews.com/2024/01/26/an-anniversary-the-west-would-rather-forget/>

https://covertactionmagazine.com/2024/01/18/u-s-planning-to-establish-new-drone-bases-in-ghana-ivory-coast-and-benin/?mc_cid=986141685f&mc_eid=5cd1ec03b1

<https://www.youtube.com/watch?v=9Lsm3pQFMu8>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/01/25/pepe-escobar-five-variables-defining-our-future/15/>

https://bmanalysis.substack.com/p/europe-prepares-for-war-with-russia?utm_source=post-email-title&publication_id=1105422&post_id=140977750&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://korybko.substack.com/p/natos-proposed-military-schengen>

https://korybko.substack.com/p/germanys-planned-tank-brigade-in?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://astutenews.com/2022/07/germanys-century-long-plot-to-capture-control-of-europe-is-almost-complete/>

[Baltic states to build new defences to bolster NATO's eastern border | Euronews](#)

https://korybko.substack.com/p/the-baltic-defense-line-is-meant?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=140918788&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

